

Ed.

504. Þingsályktun

um skipun nefndar til að semja frumvarp til laga um slysatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 1. mai).

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennar slysatryggingar, og hafi nefndin lokið starfi sínu fyrir 15. febrúar 1925.

Nefndina skal skipa þannig: einn nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annan eftir tillögum stjórnar Fjelags íslenskra botn-vörpuskipaeigenda, en hinn þriðja tilnefnir ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn fá hver um sig 100 króna þóknun fyrir starfa sinn, er greiðist úr rikissjóði að loknu starfi.